

Móna Lísá¹

É g vildi að ég væri eins og hún. Já, en ég er það ekki. Ég er það ekki. Ég gæfi allt sem ég á til að vera eins og hún. Allt hvað? Ég sem á ekkert!

Þetta leyndardómsfulla bros sem sagt er að endurspegli hamingju, innri frið, fullvissu, líf ... Ég er ekki í nokkrum vafa um að það endurspeglar uppgerð og kaldhæðni. Hún hlær að öllum, jafnt konum sem körlum, án þess að skeyta um þjóðfélagsstöðu, kynþátt eða trúarbrögð. Hún hlær, svo sannarlega. Hún skemmtir sér, hún nýtur þess að horfa á fólk sem reynir að vera annað og meira en það er. Hún hlær í sífellu því að hún sér í gegnum grímurnar sem mannfólkið setur upp. Hún sér naktar sálir okkar, brostin hjörtu og ömurleikann.

Þegar við horfum hvor á aðra, skynja ég meðaumkvun og vott af kaldhæðni í augum hennar. Mér fellur ekki þessi svipur. Það er erfitt að líta ekki undan. Það er eins og einhver dularfullur kraftur þvingi mig til þess að horfa í aðra átt. Svipur hennar er í senn sterkur, yfirvegaður og óræður.

Ég reyni af fremsta megni að líta ekki undan og stari í blá augu hennar. Hvað eftir annað laumast ég til að líta undan svo hún horfi ekki svona rannsakandi á mig. Augnaráð hennar er ásakandi, hæðið og hún hrópar: „Heigull!“ Og það er satt hjá henni. Ég er bæði huglaus og heimsk. Ófrið og einföld, og til hvers að afneita því? Og ég er líka farin að eldast. En ég er ekki ein um þá skoðun, Eduardo

1 Smásagan „La Gioconda“ kom fyrst út í smásagnasafninu *El jardín de la osadía* (1998) en er hér fengin úr ritsafninu *Narradoras costarricenses: Antología de cuentos*, ritstjóri Willy O. Muñoz Cadima, San José, Kosta Ríku, Ed. EUNED, 2004, bls. 243–247. Titill sögunnar vísar til málverks ítalska málarans Leonardo da Vinci sem þekktast er undir heitinu „Mona Lisa“. Sjá <https://www.culturalgenial.com/es/cuadro-mona-lisa-o-la-gioconda-de-leonardo-da-vinci/> [skoðað 25. júlí 2019].

hefur sagt mér þetta ótal sinnum. Hann hefur margendurtekið það til að tryggja að ég gleymi því ekki. En jafnvel þótt hann segði mér það ekki, þá veit ég það. Því að Horacio gerði það líka. Hann sagði þó ekki að ég væri gömul því þegar við vorum kærustupar var ég sextán og hann átján. Ég var ekki ljót þegar ég var ung en ég var heimsk og huglaus. Fyrst og fremst var ég skræfa af því ég vildi ekki prófa að reykja gras, ekki drekka romm, vodka eða bjór, þótt hann byði mér það. Ég var einnig kjarklaus því ég vildi ekki sofa hjá Horacio þegar ég var sextán. „Þú ert algjör auli,“ sagði hann við mig í síðasta skipti sem við hittumst. Þú ert hrædd við að þjóna mér sem kona og ég myndi aldrei giftast konu eins og þér. Ég vil greinda konu mér við hlið, fordómalaus og örugga með sig.

Hann varð aftur á vegi mínum fyrir tveimur mánuðum og ég þakka guði fyrir að hann sá mig ekki. Ég náði að fela mig í tæka tíð á bak við fallega pálmatréd í garðinum. Þegar ég gróðursetti þetta tré datt mér ekki í hug að það yrði síðar bjargvættur minn. Ég gat ekki hugsað mér þá skömm að láta Horacio sjá mig svona ljóta og gamla. Í hans augum var ég óttaleg kveif en hann hafði aldrei séð mig feita og ljóta. Ef honum fannst ég ófríð þarna um árið þá vissi ég það ekki því ég minnst þess ekki að hann hafi nokkurn tíma sagt það við mig. Þegar ég sá hann aftur fann ég fyrir fiðringi í maganum eða eins og það væri að líða yfir mig af spenningi og hjartað dældi olfu um æðar mínar í stað blóðs. Þannig varð mér innanbrjósts bara við að sjá hann aftur. Hugur minn reikaði aftur til dagsins þegar bróðir minn kynnti mig fyrir honum í göngunni að Virgen de los Ángeles kirkjunni² og ég rifjaði upp fyrsta dansinn okkar í tunglþjórtu kvöldinu þegar við urðum kærustupar í veislunni hjá Rósu frænku. Ég man einnig stundirnar sem við sátum og spjölluðum og hann tók þéttingsfast utan um mig, færði sig smátt og smátt nær, lækkaði róminn, hvíslaði í eyra mér og kyssti mig svo heitum og rökum kossi. Maginn á mér fylltist af fljúgandi fiðrildum og ég fékk gæsaúð, líkaminn logaði frá hvirfli til ilja og ég stóð á öndinni. En hvað er ég að rifja þetta upp? Það passar ekki núna. Í dag er ég frú Pérez, húsmóðir og nýorðin amma. Ég verð ringluð við að hugsa um þetta og fer hjá mér yfir þessum dagdraumum. Það er örugglega þess vegna

2 Jómfrúarbasílkán er vel þekkt kirkja í borginni Cartago í Kosta Ríka. Um páskana eru farnar þangað fjölmennar pílgrímagöngur á ári hverju.

sem Eduardo horfir sífellt á mig með þessum ásökunar- og hæðnis-svip.

Af hverju er ég að blekkja sjálfa mig? Það er ekki bara Eduardo sem sér mig svona. Ég hef tekið eftir þessu augnaráði hjá sonum mínum líka, Luis og Pablo. Það er orðið að vana hjá þeim að horfa á mig og hugsa: „Æ, vertu ekki svona vitlaus, mamma.“ Eins og þegar ég benti Luis á að mér líkaði ekki að hann eignaði sér allan heiðurinn af nýja verkefninu sem hann og samstarfsmenn hans höfðu unnið saman og kynnti það fyrir stjórnendum fyrirtækisins sem sitt eigið. „Láttu ekki svona mamma,“ sagði hann, „ef ég hugsaði eins og þú kæmist ég aldrei neitt áfram í lífinu.“

Það truflaði mig líka þegar ég heyrði Pablo segja félagu sínum hvernig hann afritaði prófin í skólanum til að tryggja sér betri ein-kunnir og frá hræsninni sem hann beitti til að vinna kennarana á sitt band einungis til þess að ná prófunum. Ég man eins og það hafi gerst í gær hvernig hann brást við aðfinnslum mínum: „Mamma, mér er alveg sama þótt þú hafir aldrei svindlað á prófum þegar þú varst í skóla. Hvað græddir þú á því? Þú náðir ekki einu sinni að klára grunnskólann. Ég ætla mér annað. Ég ætla að verða eitthvað í lífinu.“ Ég þagði og fylgdist með manninum mínum sem kinkaði kolli til samþykkis. Hann hvatti þá óspart og sagði þeim að vera stoltir og ánægðir með sig, hvað sem það kostaði. „Ekki reyna að líkjast henni móður ykkar,“ sagði hann við þá og illkvittid brosið flæktist einhvern veginn í yfirvaraskegginu. Hann blikkaði til þeirra og synir mínir hlógu, næstum eins og Móna Lísá.

Ég er viss um að Móna Lísá var hvorki heimsk né huglaus. Þess vegna vil ég vera eins og hún. Auk þess var hún svo falleg, svo óendanlega fögur. Ég vildi óska þess að ég væri eins og hún því þá gæti ég staðið uppi í hárinu á Eduardo, sonum mínum og heiminum.

Óskiljanlegur kraftur dregur mig aftur til veruleikans. Tilfinning um að einhver komi til mín verður skyndilega yfirþyrmandi. Ég lít til vinstri, inn eftir salnum og sé að Eduardo æðir í átt til mín, trylltur, eins og naut í flagi. Ó, guð minn góður, þarna kemur hann, öskureiður. Hvað gengur að honum? Ég byrja að skjálfa, ég veit ekki hvað ég á að gera, ég dofna upp. Þegar Eduardo sér að ég hef komið auga á hann staldrar hann við hinum megin í salnum. Andlit hans

þrútnar og hann skiptir litum. Hann setur í brýnnar og starir á mig, illur á svip. Viðvörunarbjöllur hringja í höfði mér: Varúð, hætta, krappar beygjur framundan ... Hratt en klaufalega geng ég í átt að ógninni. Ég brýt mér leið í gegnum mannþröngina og fólk horfir óttaslegið á þennan brjálaða mann sem líkist óargadýri.

Graciela, hvað hefurðu verið að slóra? Það fyrsta sem ég sagði þér þegar við lögðum af stað var að þú ættir alltaf að vera við hliðina á mér. Tíminn er dýrmætur í Evrópu. Ég er þreyttur á því að þurfa sífellt að endurtaka að þessi ferð var mjög dýr og ég vil njóta hennar fullkomlega og áfallalaust. Þú getur ekki staðið eins og bjáni fyrir framan eitthvert málverk þótt þér finnist það fallett. Sjáðu! Nú þurfum við að fara og þú hefur ekki tíma til þess að skoða neitt annað. Viltu vera svo væn að gera þetta ekki aftur. Ég vil ekki þurfa að byrsta mig á almannafæri. Gerirðu þér grein fyrir tímanum sem fór í að leita að þér? Hvaða tungumál þarf ég að nota svo að þú skiljir mig? Hvað þú getur verið vitlaus!

Mig langaði óumræðilega mikið til að líta á myndina í síðasta skipti, úr fjarlægð, en ég þorði það ekki. Ég vissi ekki hvort ég var hrædd við Eduardo eða sjálfa Mónu Lísu. Ef til vill var ég hræddari við hana, dularfullan svipinn, kaldhæðnisbrosið eða persónuleika hennar sem virtist ráða yfir okkur, miskunnarlaus gagnvart heigulshætti, heimsku og ljótleika. Ekki vildi ég að hún hlæi að mér.

Ég yfirgaf safnið og hélt í humátt á eftir Eduardo. Ég gekk hröðum skrefum, óörugg, klaufaleg, sjálfstraustið í lágmarki og endurtók með sjálfri mér: Ég er ekki eins og Móna Lísa. Ég verð aldrei eins og hún!

Hólmsfríður Gardarsdóttir þýddi úr spænsku